

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

144
22. sept.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hafa bifreiðastöður verið takmarkaðar á eftirgreindum stöðum, sem hér segir:

Í **Vonarstræti** eru bifreiðastöður bannaðar sunnan megin götunnar.

Í **Ingólfsstræti**, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mín. á tímabilinu kl. 9—19, alla virka daga.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 22. september 1956.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

145
25. sept.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti, álögðum utan Reykjavíkur, vera til 15. okt. 1956.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1956.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla, samkvæmt reglugerð nr. 99 17. júlí 1956.

146
3. okt.

Samkvæmt heimild í reglugerð nr. 99 17. júlí 1956, um breyting á reglugerð nr. 124 12. október 1954, um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum, hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

Skylt skal frá og með 25. þ. m. að hafa gjaldmæla í öllum sendibifreiðum í Reykjavík, sem aka fyrir almenning gegn borgun.

Ráðuneytið hefur ákveðið að notaðir skuli gjaldmælar frá Halda A.B., Halmstad í Svíþjóð (Haldataxameter), og hefur falið Bifreiðastjórufélaginu Hreyfli, Reykjavík, að annast útvegum á nægilegum fjölda gjaldmæla fyrir sendibifreiðarnar.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. október 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.